

Lög

um

viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Lænborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af eftirtöldum vörum skal útflutningsgjald greiða svo sem hjer segir:

1. Af hverjum 50 kg. af saltfiski eða hertum fiski 25 aura.
2. Af fiski, sem flytst út hálfhertur, saltaður, nýr eða ísvarinn, af hverjum 50 kg. 20 aurar.
3. Af hverjum 50 kg. af sundmaga 60 aura.
4. Af hverri tunnu af hrognum 30 aura.
5. Af sildartunnu (108—120 pt.), í hverjum umbúðum sem hún flytst, 2 krónur. Gjald þetta hækkar upp í 3 krónur 1. apríl 1920.
6. Af hverri tunnu lýsis (105 kg.) þar með talið sildarlýsi, 60 aura.
7. Af laxi, hvort heldur söltuðum, reyktum eða niðursöðnum, af hverjum 50 kg. 60 aura.
8. Af öllum fiski niðursöðnum, öðrum en laxi, af hverjum 50 kg. 20 aura.
9. Af hverjum 50 kg. af heilagfiski 10 aura.
10. Af hverjum 50 kg. af kola 6 aura.
11. Af hverjum 50 kg. af hvalskiðum 200 aura.
12. Af hverjum 100 kg. af fódurmjöli 100 aura.
13. Af hverjum 100 kg. af fódurkökum 100 aura.
14. Af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 30 aura.
15. Af hverri tunnu kjöts (112 kg.) 60 aura.
16. Af hverjum 50 kg. af hvítri, þveginni vorull 100 aura.
17. Af hverjum 50 kg. af annari ull 50 aura.
18. Af hverjum 50 kg. af söltuðum sauðargærum 50 aura.
19. Af hverri lifandi sauðkind 20 aura.
20. Af hverju hrossi, sem er fullir 132 cm á hæð, 5 kr.
21. Af öllum minni hrossum 2 kr. af hverju.
22. Af hverjum 50 kg. af sædardún 10 kr.
23. Af hverju selskinni, söltuðu eða hertu, 10 aura.
24. Af hverju tófuskinni 50 aura.

2. gr.

Nr. 14
14. ágúst.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., að því leyti sem lög þessi mæla eigi öðruvísi fyrir.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. lög nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 8, 6. mars 1896 um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald, og lög nr. 31, 22. okt. 1912, um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., nr. 16, 4. nóv. 1881.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 14. ágúst 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.